



## Bæjarráð Reykjaneshæjar

Tjarnargötu 12  
230 Reykjaneshæjar

Reykjaneshæjar, 1. nóvember 2022  
Mál nr. 2022110018

### Minnisblað: Kvikmyndaverkefni True North í Reykjaneshæjar nóv/des 2022

True North óskaði eftir fundi með bæjarstjóra í júlí sl. og upplýsti hann um að stórt kvikmyndaverkefni væri á leiðinni til Íslands í lok árs. Þeir hefðu áhuga á að nýta hluta af Hafnargötunni við tölur sem á að vera hluti af bæjarkjarna þáttanna og óskuðu eftir heimild til að loka götunni tímabundið á meðan á tölum stæði.

Um er að ræða sjónvarpsseríu á vegum HBO sem á að gerast í Alaska og verður öll serían tekin vítt og breitt um landið. Í Reykjaneshæjar eru fyrirhugaðar tölur á Hafnargötunni, á Sunnubraut, Þórustíg og í Keili á Ásbrú. Auk þess hafa framleiðendurnir óskað eftir að leigja aðstöðu m.a. í gömlu dráttarbrautinni.

Í upphafi var talað um að tölur hæfust í janúar 2023 sem breyttist síðar í nóvember og desember 2022.

Reykjaneshæjar hefur tekið vel í verkefnið en undirstrikað mikilvægi góðrar samvinnu við þá aðila sem verkefnið hefur áhrif á. True North hafði þegar í júlí hafið samtal við aðila um leigu á ákveðnu húsnæði fyrir tölur innandyrna og voru þeir jákvæðir um að samningar myndu nást.

Nú hafa samningar náðst við alla íbúa og rekstraraðila sem eru innan þess svæðis sem þarf að loka á Hafnargötunni og víðar. Fundað hefur verið með Betri bæ en til stóð að hafa lengri opnunartíma 1. desember í verslunum þegar aðaltökudagurinn er á Hafnargötunni. Samið var við samtökin að flytja kvöldopnunina um viku eða til 8. desember.

Tölur á Sunnubraut munu fara fram 6.-7. desember og verða að mestu kvöld- og næturtölur. Óskað hefur verið eftir aðstöðu fyrir trukka og annan búnað á bílastæðunum við Vatnaveröld sem er í skoðun. Tölur við Þórustíg verða 8.-9. desember og í Keili á Ásbrú 5. desember.

#### Ráðhús Reykjaneshæjar

Tjarnargata 12  
230 Reykjaneshæjar

Sími: 421 6700  
reykjaneshajar@reykjaneshajar.is  
www.reykjaneshajar.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni



## Lokanir á Hafnargötunni verða eftirfarandi að því gefnu að veðrið verði í lagi:

Mánudagur – þriðjudags, 28.-30. nóv:

- Lokað fyrir umferð um Ránargötu
- Lokun á Hafnargötu frá Omnis að Fjólu frá kl. 15.00
- Lokun á Hafnargötu frá Omnis að Tjarnargötu frá kl. 18.00

Miðvikudagur 31. nóvember:

- Lokað fyrir umferð um Ránargötu
- Lokun á Hafnargötu frá Omnis að Gallerý frá kl. 15.00
- Lokun á Hafnargötu frá Omnis að Tjarnargötu frá kl. 17:00. Milli 17.00 og 18:00 verður umferð hleypt inn með hléum að lokun hjá Fjólu. Nauðsynlegt að stöðva umferð í 5 mínútur í senn á meðan á tókum stendur. (v/bílljósa)

Fimmtudagur 1. des:

- Lokað fyrir umferð um Ránargötu
- Lokað fyrir umferð um Hafnargötu frá Omnis að Gallerý allan daginn
- Lokað fyrir umferð um Hafnargötu frá Omnis að Tjarnargötu frá kl. 15.00

Föstudagur 2. des:

- Lokað verður fyrir umferð um Ránargötu
- Frágangur á svæðinu fyrir neðan Sjóvá að Gallerý, ætti að vera búið að opna á hádegi
- Lokað fyrir umferð um Hafnargötu frá Omnis að Fjólu frá kl. 15:00
- Lokun fyrir umferð um Hafnargötu frá Omnis að Tjarnargötu frá kl. 18:00

Laugardagur og sunnudagur, 3. og 4. desember:

- Opið fyrir alla umferð, vinna við frágang á snjóstrúktúrum, jarðvegisdúk og almenn þrif á gervisnjó.

Halldóra G. Jónsdóttir,  
aðstoðarmaður bæjarstjóra